

Skrifstofa Alþingis - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2022
Tilvísun: OS2022040067/50.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002 (umhverfisvæn orkuöflun), 582. mál

Orkustofnun vísar til erindis, dags. 29. apríl 2022 frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á frumvarpi til breytingar á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002 (umhverfisvæn orkuöflun), 582. mál.

Orkustofnun hefur unnið náið með umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytinu við gerð þessa frumvarps. Stofnunin telur þær breytingar sem eru lagðar til vera til mikilla bóta og mikilvægt skref í átt að frekari orkuskiptum, aukinni orkunýtni og orkuöryggi. Frumvarpið felur í sér hvatningu til orkusparnaðar með umhverfisvænni orkuöflun. Núverandi fyrirkomulag hefur reynst íþyngjandi fyrir notendur og hefur í ákveðnum tilfellum haft fælandi áhrif. Þá býr það einnig til ójafnræði í upphæðum styrkveitinga á milli notenda eftir því á hvaða svæði þeirra húsnæði eru staðsett.

Orkustofnun telur að með þessu móti muni skapast skýrari og einfaldari umgjörð með styrkveitingum, verði frumvarpið að lögum, sem lágmarki áhættu styrkþega og stuðli að jafnræði í styrkveitingum. Þannig náist jafnframt að búa til sterkari hvata til þess að notendur sækji sér styrk til uppsetningar á orkusparandi tækjabúnaði og fari frekar í slíkar framkvæmdir. Það myndi einnig auðvelda aðkomu sveitarfélaga að stærri verkefnum innan sinna svæða með frekari styrkveitingum. Hver sú orka sem sparast skilar sér í aukinni raforku út í raforkukerfið, lækkar orkureikning notenda og niðurgreiðsluþörf ríkissjóðs og eftir atvikum jöfnun kostnaðar í dreifbýli.

Orkustofnun leggur til að hlutfall styrkupphæðar í kostnaði, sem og hámarksupphæð, verði skoðað frekar með það að leiðarljósi að auka styrkveitinguna. Hvort sem það yrði aukning á öðru hvoru eða hvoru tveggja, hefði það meira hvetjandi áhrif á notendur til að fara í slíkar framkvæmdir. Orkustofnun myndi fagna slíkum breytingum en þá þarf að tryggja nægt fjármagn til verkefnisins í samræmi við eftirspurn þannig að markmið frumvarpsins nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Jón Ragnar Guðmundsson
Verkefnisstjóri